

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 88

94. ár

Miðvikudaginn 25. júlí 2001

Laus störf

Bolungarvík.

Laus er til umsóknar staða aðstoðarvarðstjóra við embætti lögreglustjórans í Bolungarvík. Umsóknnum skal skilað til lögreglustjóra, Jónasar Guðmundssonar, fyrir 31. júlí 2001, en hann veitir jafnframt nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknnum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra.

Umsóknnum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 16. júlí 2001.

Ríkislögreglustjórinn.

(9752)

Ísafjörður.

Laus er til umsóknar staða varðstjóra og staða lögreglumanns við embætti lögreglustjórans á Ísafirði. Varðstjórastaðan er tímabundin staða, til eins árs, frá 9. september nk. Umsóknnum skal skilað til lögreglustjóra, Ólafs Helga Kjartanssonar, fyrir 3. ágúst 2001. Önnur Jónsson, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknnum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra.

Umsóknnum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 17. júlí 2001.

Ríkislögreglustjórinn.

(9777)

Stefnur

**Kreditkort hf.,
kt. 440686-1259,
Ármúla 28, Pósth. 8040,
128 Reykjavík.**

gjörir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Sigvalda Aðalsteinssyni, kt. 070959-4889, síðast með lögheimili að Aðalbraut 31, 675 Raufarhöfn, en nú óstaðsettum í hús, til greiðslu skuld-

Auglýsing

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda þann 15. júlí nk. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 13. júlí 2001.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

9650)

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir ágúst 2001:

Vísitala neysluverðs: 214,2 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.229 stig.

Reykjavík, 11. júlí 2001.

Hagstofa Íslands.

9654)

Nauðungarsölur

Blönduós

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, þriðjudaginn 4. september 2001 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Brimslóð 8 9770)	Steindór Ingi Kjellberg	Sýslumaðurinn á Blönduósi	46.734
Hlíðarbraut 24 9771)	Páll Albert Kristjánsson	Íbúðalánasjóður	362.758
Landspilda úr landi Þverárdals, Bólstaðarhlíðarhreppi 9772)	Elsa Árnadóttir	Jaxlinn sf.	111.452
Melavegur 17, efri hæð, Hvammstanga 9773)	Ragnheiður J. Eggertsdóttir	Sýslumaðurinn á Blönduósi	493.054
Norðurbraut 1, Hvammstanga 9774)	Selið ehf.	Tryggingamiðstöðin hf.	175.294
Urðarbraut 19 9775)	Jósefína Þorbjörnsdóttir	Íbúðalánasjóður	107.655

Blönduósi, 16. júlí 2001.
Sýslumaðurinn á Blönduósi,
Kjartan Þorkelsson.

ar að fjárhæð kr. 540.998, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, af kr. 127.378 frá 17. júlí 2000 til 17. ágúst 2000, af kr. 320.310 frá 17. ágúst 2000 til 18. september 2000, af kr. 322.375 frá 18. september 2000 til 17. október 2000, af kr. 323.370 frá 17. október 2000 til 17. nóvember 2000, af kr. 325.965 frá 17. nóvember 2000 til 18. desember 2000, af kr. 458.443 frá 18. desember 2000 til 17. janúar 2001, af kr. 480.494 frá 17. janúar 2001 til 19. febrúar 2001, af kr. 540.998 frá 19. febrúar 2001 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er til komin vegna notkunar stefnda, Sigvalda, á Eurocard greiðslukorti nr. 5414-8304-1583-7102. Í fyrsta lagi er um að ræða skuld skv. eftirfarandi framlögðum reikningum stefnanda:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	30. júní 2000	17. júlí 2000	127.378
2.	31. júlí 2000	17. ágúst 2000	192.932
3.	31. ágúst 2000	18. september 2000	2.065
4.	30. september 2000	17. október 2000	995
5.	31. október 2000	17. nóvember 2000	2.595
6.	30. nóvember 2000	18. desember 2000	132.478
7.	31. desember 2000	17. janúar 2001	22.051
8.	31. janúar 2001	19. febrúar 2001	21.003

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 501.497. Umsaminn gjaldldagi er 17. virkur dagur næsta mánaðar á eftir úttektartímabili sem er frá 1. degi hvers mánaðar til síðasta dags sama mánaðar. Í öðru lagi er um að ræða skuld skv. framlögðu yfirliti yfir ógjaldfelldar raðgreiðslur að fjárhæð kr. 39.501 vegna úttekta stefnda, Sigvalda, hjá Bifreiðum og landbúnaðarvéllum hf. Um er að ræða gjalddaga frá og með 17. mars 2001 til og með 17. apríl 2001 til skiptis að fjárhæð kr. 19.750/19.751. Raðgreiðslurnar voru gjaldfelldar þann 17. febrúar 2001. Nánar tiltekið er um að ræða skuld skv. framlögðum kaupsamningi útgefnum þann 13. nóvember 2000, upphaflega að fjárhæð kr. 98.752. Stefnandi styður gjaldfellinguna við verulega vanefnd og fyrrisjáanlega vanefnd stefndu.

Samanlagt nema ofangreindar fjárhæðir kr. 540.998 og er það stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Euroreikningar, yfirlit yfir ógjaldfelldar raðgreiðslur, kaupsamning, innheimtubréf lögmanns stefnanda, útskrift úr Þjóðskrá og eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Fyrir því stefnist hér með Sigvalda Aðalsteinssyni, kt. 070959-4889, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykja-

víkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, í dómsal 102, fimmtudaginn 6. september 2001 kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á sókn sakar og dómkröfur, halda uppi vörnum og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hans hálfu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. júní 2001.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Grétar Már Ólafsson lögfr.

(9475)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Ásgeir Sigurðsson ehf., kt. 430169-2469, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík.

Stefndi: Albert Ómar Guðbrandsson, kt. 060751-6849, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Helgi Jóhannesson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 137.183, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 92.377 frá 11. júní 1999 til 23. júní 1999, af kr. 137.183 frá 23. júní 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er vegna viðskipta stefnanda og stefnda, en stefndi keypti vörur hjá stefnanda í júní 1999 skv. reikningi nr. 166767, dags. 11. júní 1999 að fjárhæð kr. 92.377 og reikningi nr. 100030, dags. 23. júní 1999 að fjárhæð kr. 44.806. Þann 23. júní 1999 nam því höfuðstóll skuldarinnar kr. 137.183 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Ventus bátastöð er einkafirma stefnda.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikning nr. 166767.
2. Reikning nr. 100030.
3. Afrit innheimtubréfs dags. 29. janúar 2001.
4. Staðfesting þjóðskrár.
5. Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 20. september 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrrisvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 6. júlí 2001.
F.h. stefnanda,
Helgi Jóhannesson hrl.

(9508)

Malgorzata Anna Kowal
kt. 130667-2289,
Tangagötu 6a, Ísafirði

gerir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða á hendur Bogdan Marian Kowal, syni Stanislaw og Krystyna, sem fæddur er þann 7. september 1963 í Tomaszow Lubelski, og búsettur í þorpinu, Jeziernia nr. 166, 22-600 Tomaszow Lubelski, Zamosc, Póllandi, kennitala 63090708919.

Dómkröfur: að stefnanda verði veittur lögskilnaður frá stefnda. Þá krefst stefnadi þess að hún fái forsjá barna þeirra, Piotr Waldemar Kowal, kt. 050588-3949 til heimilis að Tangagötu 6a, Ísafirði og Beata Kowal, kt. 121191-2969, til heimilis sama stað að fullu í sínar hendur.

Gerð er krafa um málskostnað úr hendi stefnda, að mati dómsins eða skv. reikning sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins, auk 24,5% virðisaukaskatts eins og málið sé ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsóknarheimild frá dómsmálaráðuneytinu.

Málflutningsumboð: S. Sif Thorlacius hdl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, Íslandi fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Þann 18. apríl 1987 gengu stefnandi og stefndi sem eru pólskir ríkisborgarar og voru þá bæði búsett í Póllandi í hjúskap. Eiga þau saman tvö börn, Piotr Waldemar Kowal, sem fæddur er þann 5. maí 1988 og Beata Kowal, sem fædd er þann 12. nóv. 1991.

Í október árið 1996 flutti stefnandi frá Póllandi til Íslands og hefur haft fasta búsetu hér síðan og hefur hvoru tveggja dvalar- og atvinnuleyfi. Börn hennar og stefnda dvöldu hins vegar áfram í Póllandi hjá föður sínum. Sumarið 1998 bárust stefnanda þær fréttir að erfiðleikar steðjuðu að hjá fjölskyldunni í Póllandi, m.a. vegna óreglu stefnda. Fór hún þá þegar til Póllands og sótti börnin og flutti til Íslands með samþykki stefnda sem hann gaf í viðurvist opinbers sýslunarmanns í Póllandi.

Áður en stefnandi flutti til Íslands var mikið ósamlyndi á milli þeirra og erfiðleikar í samskiptum þeirra. Telur stefnandi því allar forsendur brostnar fyrir hjúskap þeirra, enda hafa þau búið aðskilin sitt í hvoru landinu allt frá árinu 1996 og hefur ekkert samband verið á milli stefnanda og stefnda í langan tíma. Leitast stefnandi því lögskilnaðar á þeirri forsendu að samvistarslit þeirra hafi staðið yfir lengur en í tvö ár.

Stefnandi hefur undirritað yfirlýsingu þess efnis að hún geri ekki kröfu til hlutdeildar í sameiginlegum eignum þeirra hjóna í Póllandi og afsalað sér tilkalli til þeirra.

Börnin hafa dvalist hjá stefnanda allt frá því að þau komu hingað til lands árið 1998 með samþykki stefnda. Þau hafa gengið í skóla og aðlagast vel. Stendur vilji þeirra og stefnanda til þess að þau búi áfram hérlandis og gerir stefnandi því kröfu um forsjá þeirra.

M.a. vegna framangreindra erfiðleika sem steðjuðu að fjölskyldunni í Póllandi telur stefnandi sér ekki fært um að snúa aftur til Póllands og leggja fram ósk um skilnað frá eiginmanni sínum.

Stefna vegna málsins hefur verið send til birtingar í Póllandi, en gögnin hafa ekki borist aftur til Íslands og hefur staðfestingar þar um verið aflað frá utanríkisráðuneytinu.

Hefur stefnandi því ekki kost á öðru en að óska eftir birtingu á stefnu þessari í samræmi við b. lið 89. greinar laga nr. 91/1991 og að höfða mál hérlandis vegna forsjár barnanna og til þess að ná fram lögskilnaði við stefnda.

Lagatilvitnanir: Um lögskilnaðarkröfu er vísað til 37. greinar hjúskaparlaga nr. 31/1993, sbr. 2. mgr. 41. greinar sömu laga.

Um fjárskipti er vísað til 110. greinar l. nr. 31/1993.

Þá er vísað til 114. greinar um heimild til málshöfðunar og til 115. gr. l. nr. 31/1993 um varnarþing.

Hvað forsjár varðar er vísað til 44. greinar l. nr. 31/1993 og til 32. og 34. greinar barnalaga nr. 20/1992 sbr. 56. grein, sérstaklega er vísað í b-lið.

Vegna birtingar er vísað til b-liðar 89. greinar laga nr. 91/1991.

Um málskostnað er vísað til 129. og 130. greinar laga nr. 91/1991 og til laga um virðis-aukaskatt nr. 50/1988.

Sönnunargögn: M.a. verður lagt fram hjúskaparvottorð stefnanda og stefnda, dvalarvottorð frá Hagstofu Íslands, auk yfirlýsingar stefnanda um fjárskipti. Afrit af samþykki stefnda um flutning barnanna frá Póllandi, afrit og þýðing stefnu, staðfesting utanríkisráðuneytisins.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Bogdan Marian Kowal, syni Stanislaw og Krystyna, sem fæddur er þann 7. sept. 1963 í Tomaszow Lubelski til heimilis að Jeziernia nr. 166, 22-600 Tomaszow Lubelski, í Zamosc, Póllandi, kennitala 63090708919 til að mæta við þingfestingu málsins fyrir héraðsdómi Vestfjarða, á dómþingi sem háð verður í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði kl. 10.00 árdegis, miðvikudaginn 5. sept. 2001 til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 9. júlí 2001.
F.h. stefnanda,
S. Sif Thorlacius hdl.

(9516

Börkur Hrafnsson hdl.,
kt. 190769-3999,
Faxafeni 5, Reykjavík

gerir kunnugt: Að hann þurfi f.h. Siriwam Amartmontri, kt. 281063-2439, Njálsgötu 54, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ding Amartmontri, fd. 13.05.1958, með síðast þekkt heimilisfang að 67 Moo 5, Tombol kilek, Pathomrat Royett, Tælandi. ID card no. 3-4310-00203-33-7. House nr. 4503-003759-4. Hann mun hafa flutt í þetta húsnaði 25. nóvember 1991.

Dómkröfur: Dómkröfur stefnanda eru þær að henni verði veittur lögskilnaður frá stefnda á grundvelli 37. gr. laga nr. 31/1993.

Málsástæður og málsatvik: Aðilar máls þessa voru búsett í Tælandi og gengu þau í hjúskap þar. Þau slitu samvistum vegna ósættis meðan stefnandi var búsett þar í landi. Þetta var árið 1983 og hefur stefnandi ekki hitt eiginmann sinn síðan. Stefnandi hefur reynt að hafa uppi á eiginmanni sínum í Tælandi til þess að ganga frá skilnaði við hann, en án árangurs. Stefndi er kvæntur aftur í heimalandi sínu og skilinn við þá konu einnig. Á árinu 1998 kynntist Siriwam íslenskum manni Sigurði Kristinssyni og fluttist hún með honum til Íslands og hefur haft skráð lögheimili hér á landi síðan 6. maí 1998. Siriwam hefur búið með Sigurði að Njálsgötu 54 síðan hún kom til landsins. Þau hafa reynt að skrá sig í sambúð en það ekki gengið vegna hjónabands Siriwam. Nú er svo komið að Siriwam og Sigurður hafa fullan hug á að ganga í hjónaband en hjúskapur Siriwam í Tælandi stendur því fyrir þrifum.

Siriwam og Ding voru eignarlaus við samvistarslitin. Stefnandi gerir ekki kröfur um lífeyri úr hendi stefnda. Með ofangreint í huga er stefnanda nauðsyn að krefjast lögskilnaðar fyrir dómstóli enda á hún mikla hagsmuni af því að losna úr hjúskap aðilanna með lögmatum hætti.

Lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á því að aðilar hafi slitið samvistum vegna ósættis og samvistarslitin staðið um meira en tveggja ára skeið, enda hefur stefnandi verið búsett hér á landi síðan 6. maí 1998. Hún hefur ekki haft nokkuð samneyti við stefnda síðan 1983. Stefnandi á því rétt til lögskilnaðar á grundvelli 37. gr. laga nr. 31/1993.

Varðandi lögsögu íslenskra dómstóla vísast til 2. tl. 114. gr. laga nr. 31/1993 en stefnandi er hér búsett og hefur verið það tvö ár samfleytt áður sbr. vottorð Hagstofu Íslands.

Um varnarþing vísast til 115. gr. laga nr. 31/1993, en stefnandi á lögheimili að Njálsgötu 54, Reykjavík.

Um birtingu stefnu þessarar er vísað til 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnubirting í Tælandi reyndist árangurslaus en reynt var að birta stefnuna á síðasta þekkt heimilisfangi stefnda. Stefndi er ekki í fastri vinnu svo ekki er hægt að birta stefnu á vinnustað hans. Hann er í felum vegna skuldamála í heimalandi sínu svo vonlítið er að hafa upp á honum.

Þegar reynt var að birta stefnu fyrir stefnda í Tælandi þá sögðu fyrrverandi eiginkona hans og stjúp móðir hans hann fluttan fyrir 8 árum og þeim væri ekki kunnugt um núverandi dvalarstað hans. Þá neituðu þær að skrifa undir birtingarvottorð. Er stefna því birt í Lögbirtingablaði á grundvelli hinnar árangurslausu birtingar.

Áskilinn er réttur til að leiða stefnanda fyrir dóm svo og sambýlismann hennar, Sigurð Kristinsson.

Framlögð gögn: Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirfarandi gögn: Vottorð sem staðfestir hjónaband stefnanda og stefnda, gögn um árangurslausa birtingu stefnu, eintak Lögbirtingablaðs sem stefna birtist í og búsetuvottorð stefnanda hér á landi.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Ding Amartmontri, fd. 13.05.1958, með síðast þekkt heimilisfang að 67 Moo 5, Tombol kilek, Pathomrat Royett, Tælandi. ID card no. 3-4310-00203-33-7. House nr. 4503-003759-4, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður þriðjudaginn 11. september 2001 kl. 10.00 árdegis í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, Íslandi, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 3. júlí 2001.
Börkur Hrafnsson hdl.

(9285

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp­kveðnum þann 3. júlí 2001, var bú Guðrúnar Óskar Þórðardóttur, kt. 251173-4949, Bjarkargötu 4, Patreksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 8. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 10. október 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

(9625 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp­kveðnum þann 3. júlí 2001, var bú Sigurjóns Páls Haukssonar, kt. 200248-4309, Urðargötu 6, Patreksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 7. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 10. október 2001 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

(9626 a

Ísafirði, 6. júlí 2001.
Björn Jóhannesson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum þann 20. júní 2001, var bú Stefáns Kristins Ólafssonar, kt. 061144-2429, Þingvallastræti 31, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, mánudaginn 1. október 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(9652 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum þann 30. maí 2001 var bú Verkþjónustunnar ehf., kt. 631097-3839, Skógarhlíð 39, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, mánudaginn 1. október 2001 kl. 10.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Endurbirt vegna villu.

(9653 a

Akureyri. 11. júlí 2001.
Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp­kveðnum þann 6. júlí 2001, var bú Funaplasts

ehf., kt. 691293-2119, Sneiðinni 1, Flúðum, tek-ið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrota-skiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi 3. október 2001 kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 10. júlí 2001.
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.

(9750 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 21. desember 2000, var bú Stöku ehf., kt. 470396-2619, Ástúni 8, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. júlí 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík, föstudaginn 12. októ-ber 2001, kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(9760 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 21. desember 2000, var bú Bónstöðvar Kópavogs ehf., kt. 590199-2659, Skemmuvegi 34, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík, föstudaginn 12. októ-ber 2001, kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(9761 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 20. desember 2000, var bú Páls Schev-ings Ingvarssonar, kt. 240163-5439, Garðstíg 1, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 28. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík, föstudaginn 12. októ-ber 2001, kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(9762 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 21. desember 2000, var bú Hortusar ehf., kt. 421297-2079, Lundi 1, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 18. október 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík, föstudaginn 12. októ-ber 2001, kl. 11.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(9763 a

Reykjavík, 6. júlí 2001.
Guðmundur St. Ragnarsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum þann 12. júlí 2001, var bú Bjarka Birgissonar, kt. 280171-4689, Brunnum 8, Pat-reksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu. Frestdagur við skiptin er 8. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu send-ar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 24. október 2001 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síð-ustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

Ísafirði, 13. júlí 2001.
Björn Jóhannesson hdl.

(9768 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 22. maí 2001, var bú Vilhjálmς Rúnars Vilhjálmssonar, kt. 311266-4119, Reynivöllum 12, Egilsstöðum, tekið til gjald-þrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu

eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu inn-köllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 5. október 2001, kl. 16.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum upp-fylltum. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Egilsstöðum, 17. júlí 2001.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

(9776 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 25. júní 2001, var dánarbú Þráins Birgis Meyer, kt. 240256-3129, sem lést 24. mars 2001 og var síðast til heimilis að Furu-grund 73 í Kópavogi, tekið til opinberra skipta og undirrituð skipuð skiptastjóri í búinu.

Hér með er skorað á alla þá er telja sig eiga kröfur á hendur dánarbúinu, eða muni í vörslum þess, eða eiga rétt til arfs eftir hinn látna, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu send-ar skiptastjóra að Bæjarhrauni 2, 220 Hafnar-firði.

Hafnarfirði, 27. júní 2001.
Þórdís Bjarnadóttir hdl.

(9180 b

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum þann 22. júní sl., var bú Ketils Helga-sonar, kt. 270963-5879, Holtastíg 11, 415 Bol-ungarvík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 20. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Lágmúla 7, pósthólf 8383, 128 Reykja-vík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, mánudaginn 1. október kl. 11.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjald-þrotaskipt o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Reykjavík, 28. júní 2001.
Guðmundur Ó. Björgvinsson hdl.,
skiptastjóri.

(9251 b

Með úrskurði héraðsdóms vesturlands upp-kveðnum 22. júní 2001 var bú Sprettς-Grundar-firði ehf., kt. 481199-2479, Grundargötu 80, Grundarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirrit-aður var sama dag skipaður skiptastjóri þrota-búsins.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Reitarvegi 12, pósthólf 55, 340 Stykkishólmi.

